

## GJALDSKRÁ fyrir Borgarfjarðarhöfn.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn, sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps, er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. I.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar:

*Lestargjöld:* Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 12 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði.

*Bryggjugjöld:* Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 3,50 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja 12 tíma sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

*Farþegagjöld:* Vegna farþega sem fluttir eru í land af farþegaskipum eða fluttir með skemmtibátum kr. 175 á farþega.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af bátum minni en 20 brt sem mánaðargjald kr. 6.300. Fyrir báta styrti en 6 m greiðast kr. 5.300 á mánuði.

*Önnur gjöld:* Landstöðugjald fyrir báta við báthöfn er kr. 3.000 á mánuði.

Fyrir landtengingu rafmagns greiðist skv. afdráttarmæli sem bátseigandi setur upp á sinn kostnað.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Borgarfjarðarhafnar vegna skipsins.

*Vörugjöld:* Vörugjald, kr. 250 fyrir hvert tonn, skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl innan takmarka hafnarinnar.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni.

*Aflagjöld:* Af öllum sjávarafla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings skal greiða 1,6% af heildarverðmæti aflans.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

*Vigtargjöld:* Kr. 1.000 fyrir hverja vigtun (löndun) á tímabilinu 8–17 mánuðaga til föstudaga, kr. 3.000 fyrir vigtun á öðrum tíma.

Kaupandi afla stendur skil á vigtargjöldum.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu Borgarfjarðarhrepps eða inn á bankareikning hreppsins.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 18. janúar 2016 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar

Nr. 99

19. janúar 2016

gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár nr. 251/2013.

*Borgarfirði, 19. janúar 2016.*

**Jón Þórðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2016